

LIST 3CI05

Listasaga – frá impressionisma til nútímans

Áfanginn er framhaldsáfangi í sögu á þriðja þrepi og getur nýst á kjarna allra brauta.

Undanfarar:

SAGA 2AA05 og annar söguáfangi á öðru þrepi (t.d. listfræði)

Stutt lýsing á efni áfangans:

Áfanginn er einn af **fimm** mögulegum áföngum í listasögu – en eins og allir listasöguáfangar stendur hann **sjálfstæður**.

Þessi áfangi fjallar um „nútímalist“ og spannar umfjöllun áfangans tímabilið frá 19. - 21. aldar, þar sem skoðuð verða málverk, höggmyndir og arkitektúrs ýmissa stórfenglegra listamanna tímans. Þrátt fyrir að nútímalist sé mjög mismunandi eftir tímabilum, svæðum og einstökum listamönnum, þá urðu miklar breytingar frá raunsærri frásagnarlist sem var vinsæl í vestrænni menningu fyrir miðja nítjándu öld. Kynntar verða fjölmargar og mjög áhugaverðar listastefnur eins og rómantíska stefnan, pre-Raphaelíta, impressionismi og realismi; listastefnur 20. aldar eins og impressionismi, expressionismi, kúbismi, súrrealismi, poppllist og op-list.

Í þessum áfanga munu nemendur kynnast stórkostlegum listamönnum á borð við Delacroix, Monet, Manet, Renoir, Vincent van Gogh, Munch, Salvador Dalí, Magritte, Toulouse-Lautrec, Mondrian og Picasso meðal annarra. Skoðaðar verða bygginga a borð við Óperuhúsið í París, Eiffel-turninn og frelsistytta Bandaríkjanna.

Nokkur lykilhugtök áfangans:

Fjölbreyttar listastefnur, poppllist og op-list, Delacroix, Monet, Manet, Renoir, Degas, Vincent van Gogh, Munch, Salvador Dalí, Magritte, Toulouse-Lautrec, Mondrian, Picasso, Óperuhúsið í París, Eiffel-turninn, frelsistytta Bandaríkjanna.

Námsmat:

Tímaverkefni, netverkefni, netpróf, frjálst hópverkefni, umræður, heimildaðættir og lokapróf.
